

og vilja í þjónustu þess rétta og sanna. Skyldur tilverunnar við manninn eru, að hún veiti honum fullnægingu allra sinna þarfa. Það er hin alfullkonnasta ímynd mannlegrar veru, að *sjá* og *skilja* þetta líf, njóta fegurðar og sælu þeirrar, sem réttlæti og bróðurkærleikur getur veitt, og láta sjálfur hið sama úti, gjöra það sem rétt er yfirlætis og hrokalaust, og sýna ætíð sannan manndóm með hreinum, heitum og lifandi tilfinningum. Hver sem það gjörir er bæði sáll og fagur. Hver, sem því stigi nær, hefir komist mjög nálægt því takmarki, er öll sönn siðmenning stefnir að, er lögmál allrar tilverunnar stefnir að. Hann þarf ekkert að óttast. Yfir þessari hugsjón hvílir nú morgunroði komandi alda. Hún er máské allt of mikil, að henni verði fullnægt strax, en hún kemur, svo íramarlega sem drottinn lifir.— Sú kemur tíð, að maðurinn verður að manni, þótt margan vanti nú dáð og þrek og drenglyndi til að sækja fram að því marki.

Trúmálafundur í Winnipeg.

Nú í þessum mánuði (ágúst) voru haldnir 2 trúarsamtalsfundir hér í bænum af prestum lúth. kyrkjufélagsins íslenska.— Umræðuefnið var um guðspjónustuhald í heimahúsum. Vér vorum á hvorugum þessum fundi og getum því ekki gefið fullt yfirlit yfir það, sem gjörðist þar, og verðum því að segja að eins frá því, eins og oss var sagt það. En ástæðulaust er að efa, að ekki hafi rétt verið skýrt frá.

Aðallega var rætt um það, hvaða snið ætti að vera á þessum heimahúss guðspjónustum, því það var bein skipun frá prestanna hálfu, að þær væri teknar upp þá tafarlaust. Nokkrir vildu að guðspjónustan væri innifalin í borðbæn, aðrir að kveldsamkomur væru hafðar einu sinni í viku og enn aðrir að messað væri yfir heimilisfólkinu heima hjá því á hverjum degi.

Kvartað var um erviðleikana að koma þessu í framkvæmd, því það væri svo andstætt að ná jafnvel heimilisfólkinu saman á